

**Mæting í skóla:** Við mætum í skólann. Ef við mætum ekki er óskað eftir skýringum frá foreldrum og þær skráðar í Mentor. Ef fjarvera okkar er án gildrar ástæðu (veikindi eða leyfi) þurfa foreldrar að skutla okkur í skólann. Í undantekningartilfellum gætu starfsmenn Hlíðarskóla orðið að sækja okkur í skólann.



**Umgengni í forstofu:** Við röðum skónum okkar og hengjum fatnað á sérmerкта snaga. Ef við gerum þetta ekki gætu skór og föt verið sett út fyrir. Þá þurfum við að sækja hlutina og setja á réttan stað.



**Mæting í tíma:** Við mætum á réttum tíma og tökum virkan þátt í öllu því starfi sem fram fer í kennslustundum. Ef nemandi mætir oft seint verður rætt við hann og hann gæti verið látin(n) sitja eftir. Ef það gerist verða foreldrar/forráðamenn látnir vita.



**Salernisferðir:** Við notum frímínútur til að fara á klósettið.

**Vatnsdrykkja:** Við notum frímínútur til að drekka vatn.

**Farsímar:** Við megum hafa farsíma með í skólann og þurfum þá að fara eftir símareglum (sjá nánar í *Símareglum*). Ef við brjótum símareglur verður síminn tekinn og geymdur þangað til foreldri sækir hann.



**Símanotkun:** Borðsímararnir eru fyrir starfsfólk og við megum aðeins nota þá í samráði við umsjónarkennara.



**Útivist í frímínútum:** Við förum út í frímínútur að lágmarki einu sinni á dag í að minnsta kosti 20 mínútur. Með okkur eru fjórir fullorðnir starfsmenn. Við erum kurteis við aðra í frímínútunum.



**Umgengni í skólabílum:** Við spennum beltin og sitjum kyrr í bílnum. Við látum aðra í friði, bæði nemedur og bílstjórann. (Sjá nánar í *Rútureglum*). Ef við brjótum rútureglur fáum við mínus. Og ef við brjótum rútureglur þrisvar sinnum missum við réttindi í samráði við foreldra.



**Sælgæti og gos:** Sælgæti og gos er aðeins leyft í undantekningartilfellum með sérstöku leyfi kennara eða skólastjóra. Ef nemandi mætir með sælgæti og gos án leyfis er það gert upptækt.

**Reykingar:** Við förum eftir landslögum og virðum reykingabann á skólalóð og á skólatíma, bæði nemandur og starfsfólk. Ef nemandi brýtur lögin eru tóbak og eldfæri tekin af honum og foreldrar látnir vita. Sama gildir um önnur fíkniefni. Ef ástæða þykir til er nemandi settur í lyfjapróf á staðnum í samráði við foreldra.



**Vettvangsferðir:** Við förum eftir skólareglum þegar við förum í ferðir á vegum skólans.